



# Veiðimálastjóri

## Ársskýrsla

2001-  
2003



Reykjavík 2004

Útgefandi: Embætti veiðimálastjóra  
Ábyrgðarmaður: Árni Ísaksson  
Nóvember 2004

## Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið í skipulagi og umsvifum í veiðimálum á undanförunum áratug. Koma þar til ýmis atriði svo sem setning stjórnsýslu- og upplýsingalaga upp úr 1990 og innleiðing á ýmsum tilskipunum Evrópubandalagsins. Einnig urðu viðamiklar breytingar á þróun fiskeldismála.

Um mitt ár 1997 var skilið á milli rannsókna og stjórnsýslu í veiðimálum og í kjölfarið voru flest stjórnsýsluverkefni í málafloknum flutt frá landbúnaðarráðuneyti til embættis veiðimálastjóra sem lægra setts stjórnvalds (lög nr. 50/1998). Í ljósi margra umsókna um laxeldi í sjókvíum voru um mitt ár 2001 lögfest mikilvæg ákvæði varðandi stjórnsýslu og eftirlit með fiskeldi (lög nr. 83/2001). Þar bar hæst heimildir embættis veiðimálastjóra til að setja ýmis skilyrði í rekstrarleyfi eldisaðila og heimildir landbúnaðaráðherra til setningar á ýmsum reglugerðum varðandi fiskeldisstarfsemi.

Umhverfismál eru vaxandi þáttur í starfsemi embættisins, einkum umsagnir til Skipulagsstofnunar og umhverfisráðuneytis vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, sem áhrif geta haft á lífríki í ám og vötnum. Einnig þarf embættið að veita heimildir til malartekju, veiðistaðagerðar og annara framkvæmda við ár og vötn samkvæmt 43. grein laga um lax- og silungveiði.

Helstu verkefni embættis veiðimálastjóra samkvæmt lögum um lax- og silungveiði eru sem hér segir:

- Fara með stjórnsýslu varðandi veiðar, fiskrækt og tengd umhverfismál og stuðla að sjálfbærri nýtingu á ám og vötnum
- Vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um veiðimál og veita upplýsingar um löggjöf og reglugerðir varðandi lax- og silungsveiði.
- Halda gagnabanka um ár og vötn, stuðla að félagslegri uppbyggingu í veiðimálum og veita upplýsingar og leiðbeiningar um þau mál.
- Skipa veiðieftirlitsmenn og samræma veiðieftirlit.
- Heimila merkingar á laxfiskum og innkalla skýrslur um merkingar og veiði laxfiska, fiskrækt, hafbeitar- og eldisframleiðslu.
- Heimila byggingu fiskvega og samþykkja gerð mannvirkja eða efnistöku, sem haft getur áhrif á lífríki í ám og vötnum.
- Veita umsagnir varðandi umhverfismöt framkvæmda við ár og vötn og vegna fiskeldis og kalla eftir frekari rannsóknum.
- Veita leyfi til fiskeldis og hafbeitar og gefa út rekstrarleyfi.
- Hafa eftirlit með eldisstöðvum og sannprófa innra eftirlit
- Fylgjast með og taka þátt í alþjóðastarfi varðandi veiðistjórnun, umhverfismál ferskvatnsfiska og aðra stjórnsýslu í veiðimálum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi embættis veiðimálastjóra undanfarin 3 ár:

## Starfsmenn

Embætti veiðimálastjóra starfar sem stjórnsýsluaðili og, þar sem ekki er gert ráð fyrir gjaldtöku fyrir veitta þjónustu, starfar það alfarið fyrir opinberar fjárveitingar. Þar hefur auk tveggja fastra stöðugilda verið brugðið til þess ráðs að kaupa þjónustu af stofnunum og fyrirtækjum vegna símaþjónustu, skrifstofuhalds, rannsóknavinnu, veiðieftirlits og eftirlits með eldisstöðvum, sem hefur reynst vel. Reikna má með að aðkeypt þjónusta samsvari nú a.m.k. tveimur stöðugildum, þar af rúmlega einu í veiðieftirliti og eftirliti með eldisstöðvum. Því má áætla að árleg starfsemi á vegum embættisins sé um fjögur mannár.

Fyrir embættið hafa starfað eftirtaldir aðilar:

- Árni Ísaksson, veiðimálastjóri
- Sumarliði Óskarsson, upplýsinga- og fiskeldismál
- Eiríkur Beck, eftirlit með fiskeldisstöðvum og veiðieftirlit
- Arnar Jensson, veiðieftirlit (sumarvinna)
- Rúnar Ragnarsson, veiðieftirlit (sumarvinna)
- Þorfinnur Snorrason, veiðieftirlit (sumarvinna)
- Sjávarútvegspjónustan (sérfræðiþjónusta)
- Veiðimálastofnun (símavarsla, bókhalds- og sérfræðiþjónusta)

## Fjármál

Tafla 1. Sýnir þróun í fjárveitingum embættis veiðimálastjóra undanfarin 3 ár. Nokkur aukning hefur verið í launagjöldum í samræmi við almenna launaþróun en aukning í öðrum gjöldum er aðallega vegna aðkeyptrar þjónustu vegna veiðieftirlits, eftirlits með eldisstöðvum og rannsóknavinnu. Þannig hefur embættið fjármagnað ýmsa grunnvinnu varðandi líffræðilega þætti í mati á umhverfisáhrifum vegna sjókvíaeldis, sem nýtist öllum þeim aðilum sem hyggja á slíka starfsemi. Einnig hefur eftirlit með eldi í sjókvíum verið stórlega eflt.

Tafla 1. Fjármál embættis veiðimálastjóra árin 2001 til 2003

		2001	2002	2003
Gjöld	Laun	8,5 millj	9,4 millj	10,3 millj
	Önnur gjöld	7,4 millj	8,6 millj	11,0 millj
	<i>Samtals:</i>	<b>15,9 millj</b>	<b>18,0 millj</b>	<b>21,3 millj</b>
Tekjur	Ríkissjóður	14,6 millj	17,3 millj	22,0 millj
	Sértekjur	1,0 millj	0,4 millj	0,1 millj
	<i>Samtals:</i>	<b>15,6 millj</b>	<b>17,7 millj</b>	<b>22,1 millj</b>

## Stjórnsýsla

Embætti veiðimálastjóra afgreiðir fjölda erinda skriflega vegna ýmis konar leyfisveitinga og umsagna í veiðimálum og er fjöldi þeirra sýndur í töflu 2. Þar eru erindin sundurgreind í helstu málaflokka sem fjallað er um.

**Tafla 2. Skriflegar afgreiðslur embættis veiðimálastjóra árin 2001-2003**

	2001	2002	2003
<b>Erlend samskipti</b>	26	36	43
<b>Fiskeldismál</b>	80	47	71
<b>Fjármál</b>	22	10	8
<b>Leyfisveitingar</b>	34	37	35
<b>Umhverfismál</b>	77	48	48
<b>Eftirlitsmál</b>	44	42	60
<b>Ýmislegt</b>	95	85	75
<i>Samtals:</i>	<b>378</b>	<b>305</b>	<b>340</b>

Nýjustu og umsvifamestu málaflokkarnir, sem eru innan umhverfismála og fiskeldis, voru sérstaklega fyrirferðamiklir árið 2001, þegar fjöldi fyrirtækja hugðist hefja sjókvíaeldi hér við land. Í umhverfismálum er veittur fjöldi umsagna vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og gefnar heimildir samkvæmt 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði en innan fiskeldis eru meðal annars gefin út rekstrarleyfi og veittar umsagnir vegna starfsleyfa. Ýmsar afgreiðslur vegna samþykktu og arðskráa veiðifélaga og vegna veiðieftirlits hafa verið með hefðbundnum hætti.

Mikil aukning hefur verið í erlendum samskiptum einkum í tengslum við Laxaverndarstofnunina (NASCO), sem unnið hefur markvisst að því að verja hagsmuni Atlantshafslaxins gagnvart ýmsum aðsteðjandi hættum frá ofveiði, mengun og umhverfisáhrifum fiskeldis (sjá kafla um alþjóðasamstarf hér á eftir).

Veittar eru símléiðis margvíslegar upplýsingar um laxveiðilögin og félagslega þætti veiðimála. Haldinn er gagnabanki með samþykktum og lögformlegum arðskráum veiðifélaga, sem hægt er að senda til þeirra sem þess óska. Á vefsíðu embættisins [www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is) er listi yfir öll veiðifélög landsins og forsvarsmenn þeirra auk upplýsinga um laxveiðilögin og þær reglugerðir sem gefnar hafa verið út varðandi veiði- og fiskeldismál. Þar er einnig að finna upplýsingar um árlega eldisframleiðslu á laxi og silungi, sem safnað er í byrjun hvers árs. Eitt af hlutverkum embættisins er að safna skýrslum um veiði á laxfiskum. Eftir aðskilnað rannsókna og stjórnsýslu árið 1997 hefur Veiðimálastofnun sinnt formföstum hlutum þessa verkefnis í umboði embættisins.

## Einstakir málaflokkar

Nú verður greint frá þróun í helstu málaflokkum, sem sinnt hefur verið á árunum 2001-2003, og aðkomu embættisins að því:

### Umhverfismál

Í kjölfar setningar laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum varð veruleg aukning á aðkomu embættis veiðimálastjóra að frágangi matskýrsla. Komu þar til bæði umsagnir til Skipulagsstofnunar vegna matsáætla og síðar matskýrsla og umsagnir til umhverfisráðuneytis vegna kærumála. Í faglegu tilliti tengjast flest þessara mála áhrifum vegagerðar og tengdrar efnistöku á lífríki í ám og vötnum en einnig komu til fjölmargar umsagnir vegna fiskeldis og laxeldis í sjókvím, einkum á árinu 2001. Einnig voru gefnar umsagnir vegna stórvirkjana og virkjana í smærri ám en fjöldi þeirra hefur farið vaxandi.

The image shows a document titled "Umsóknareyðublað vegna framkvæmda við ár og vötn" (Application form for works in rivers and streams). The document is from the "VEIÐIMÁLASTJÓRI" (Directorate of Freshwater Fisheries) in Reykjavík. It contains several sections for filling out information, including:
 

- 1. Nafn framkvæmdaðila: (Name of contractor)
- 2. Nafn veiðivats: (Name of stream)
- 3. Nafn viðkomandi veiðifélags: (Name of fishing club)
- 4. Tegund framkvæmdar (ein eða fleiri): (Type of work, with options like skammti, Malartekja, etc.)
- 5. Staðsetning við veiðivatu (yfirlitsskort): (Location of work)
- 6. Lýsing á framkvæmðum: (Description of work)

 At the bottom, there is a section for "Eyðiskjál" (User guide) with numbered instructions. The form also includes fields for "Dagsetning" (Date) and "Eiðendiskjál" (Signature).

Mynd 1. Umsóknareyðublað vegna framkvæmda við ár og vötn.

Almennt má segja að ástand búsvæða laxfiska í fersku vatni sé í góðu ástandi. Hinsvegar hafa á undanförunum áratugum orðið verulegar breytingar á rennsli laxveiðianna með mikilli þurrkun á landi vegna túnræktar. Þannig verða mun örari sveiflur í rennsli vegna úrkomu, þar sem votlendi og mýrar eru ekki fyrir hendi til að jafna út sveiflurnar. Jafnframt verða áhrif langvinnra þurka á veiðiskap mun meiri. Auk þessara þátta hefur malartekja úr árfarvegum verið að aukast með mikilli aukningu í vegagerð, virkjunum og öðrum framkvæmdum. Áhrif slíkrar malartekju á búsvæði laxfiska geta verið neikvæð ef hún er framkvæmd á röngum

stað en getur verið skaðlaus eða jafnvel til bóta á öðrum, enda er malarframburður íslenskra fallvatna mjög mikill.

Samkvæmt 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum þurfa framkvæmdaaðilar heimild embættis veiðimálastjóra til malartekju og veiðistaðagerðar í veiðiám og stundum er krafist líffræðilegrar úttektar í sambandi við slíkar framkvæmdir. Lögð er mikil áhersla á samráð við starfandi veiðifélög og samþykki viðkomandi landeigenda. Einnig er reynt að stýra framkvæmdum á þann veg að þær hafi ekki áhrif á aðstæður til veiði yfir sumarið. Umsóknareyðublað vegna slíkra framkvæmda má fá á vefsíðu embættisins [www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is) (mynd 1). Samkvæmt 39. grein laxveiðilaganna veitir veiðimálastjóri heimild til byggingar á fiskvegi og hefur mikill fjöldi laxastiga verið byggður á undanförunum áratugum. Heldur hefur dregið úr slíkum framkvæmdum hin síðari ár.

Veruleg þörf er á eftirliti með ýmsum framkvæmdum, sem heimilaðar eru við ár og vötn. Þannig eru oft sett ákveðin skilyrði fyrir því að heimilað sé að taka mól í eða við árfarvegi, sem oftast en ekki eru brotin, ef eftirlit er ekki fullnægjandi. Einnig ber enn nokkuð á því að aðilar leiti ekki eftir heimildum til framkvæmda. Veiðieftirlitsmenn hafa að nokkru tekið að sér að hafa eftirlit með þessum framkvæmdum, en þar sem slíkt eftirlit er tímabundið yfir sumarið, nær það ekki til stórs hluta framkvæmdatímans, sem er á vorin og haustin. Nauðsynlegt er að auka fjármuni til slíks eftirlits hjá embætti veiðimálastjóra.

## **Veiðimál**

Hefðbundin málefni veiðifélaga hafa ætíð verið meginverkefni embættis veiðimálastjóra. Þar koma til afgreiðslur vegna samþykktar nýrra veiðifélaga og endurnýjun eldri samþykktar. Einnig afgreiðslur á ýmsum undanþágum t.d. varðandi lengingu á veiðitíma sjóbirtings og afgreiðslu klakleyfa. Gerð fiskræktaráætlana fyrir veiðivötn hefur verið lögbundin frá 1998 og gerð slíkrar áætlunar er forsenda fyrir stórfelldu fiskræktarstarfi í veiðiám.

Ekki er óalgengt að stangaveiðitími sjóbirtings hafi verið framlengdur um 10 daga, þ.e. til 20. október. Við slíkar framlengingar er tekið mið af ástandi sjóbirtingsstofna og einnig því, hvort stunduð sé vorveiði á sjóbirtingi. Heimilt er að veiða sjóbirting og sjóbleikju á stöng í ferskvatni á vorin frá 1. apríl. Er þá um að ræða fisk á leið í sjó, sem hefur haft vetursetu í ferskvatni. Þessir fiskar eru oft horaðir og illa haldnir hrygningarfiskar, sem lítið hafa þrífist yfir veturinn. Oftast eru heimildir til framlengingar að hausti háðar því, að ekki sé um vorveiði að ræða á viðkomandi svæði eða að eingöngu sé um fluguveiði að ræða og einhverjum hluta sjóbirtinga sé sleppt. “Veiði og slepping” kemur sér einstaklega vel fyrir sjóbirtingsstofna, þar sem sjógengnir silungar ganga í og úr ferskvatni einu sinni á ári og bæta verulega við þyngd sína meðan á sjávardvöl stendur. Miklar sleppingar geta því stuðlað að hækkun á meðalþyngd veiddra sjóbirtinga andstætt því sem gerist með lax, sem oftast gengur aðeins einu sinni til hrygningar í ferskvatni.


Embætti veiðimálastjóra ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa í lax- og silungsveiði í ám. Stangarfjöldi hefur að mestu



leyti verið óbreyttur í mörg ár en þó hafa verið veitt tímabundin leyfi fyrir tilraunastangir á nokkrum stöðum, þar sem ný svæði hafa opnast vegna ræktunar.

### Staða laxa- og silungsstofna

Laxastofnar í norður Atlantshafi hafa átt undir högg að sækja mörg undanfarin ár. Einkum hefur staða laxa, sem dvelja tvö ár í sjó, versnað aðallega þeirra stofna, sem ganga á ætisslóð við vestanvert Atlantshaf. Þannig hefur NASCO lækkað laxveiðikvóti Grænlandinga við Vestur Grænland úr 800 lestum um 1989 í 20 lestir á árinu 2003 en þar veiðist lax á öðru ári, sem upprunninn er í Norður Ameríku, Bretlandseyjum og að einhverju marki frá vestan- og norðanverðu Íslandi. Hnignun stórlaxastofna hér á landi hefur fyrst og fremst komið fram í



Mynd 2. Breytingar á hlutfalli stórlaxa í veiði hér á landi undanfarin 40 ár. Eins og sést hafa mestar breytingar orðið eftir 1985.

minnkandi veiði á norðanverðu landinu en þar eru tveggja ára laxar mun stærri hluti af laxagöngunni. Þessi hnignun kemur greinilega fram í mynd 2, sem sýnir hlutfall smálaxa á móti stórlaxi yfir 40 ára tímabil.



Þar sem orsakir þessarar hnignunar liggja í afkomu tveggja ára laxa í úthafinu, er erfitt að bregðast við þessu vandamáli með beinum aðgerðum. Hinsvegar hafa vísindamenn og hagsmunaaðilar hvatt til sleppinga á stórum lögum í stangaveiði og hafa stangaveiðimenn almennt brugðist vel við þeim tilmælum. Á hinn bóginn er vonast til að hér sé um tímabundið vandamál að ræða og að laxastofnarnir jafni sig á nýjan leik.

Á árinu 2003 vann embætti veiðimálastjóra að því að áætla verðmæti stangaveiði á laxi hér á landi. Skýrslan, sem er á ensku, var hluti af verkefni NASCO um þjóðfélagsleg og efnahagsleg verðmæti Atlantshafslaxins og er birt í heild sinni á heimasíðu embættisins: [www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is). Jafnframt var gerð úttekt á verðmæti silungsveiðinnar til að geta áætlað heildarverðmæti stanga-veiðinnar hér á landi.


Helstu niðurstöður þessarar úttektar voru þær að lágmarksverðmæti laxveiðinnar til eigenda laxveiðiánna væru um 1350 milljónir. Þegar reiknað hafði verið með verðmætum sjógenginna silunga ásamt óbeinum hagnaði fyrir hagkerfið vegna ýmisa kostnaðarliða, sem tengjast veiðiskap, voru heildarverðmæti sjógenginna laxfiska metin á tæplega 2000 milljónir. Hinsvegar var ekki lagt mat á margfeldiáhrif laxveiðinnar í hagkerfinu né heldur á verðmæti stangaveiði í stöðuvötnum, sem lítið hefur verið skráð. Ljóst er að skekkjumörk slíkrar úttektar eru veruleg og má reikna með að hér sé um algjörar lágmarkstölur að ræða auk þess sem vermæti laxveiða á stöng hafa vaxið verulega milli ára.

Með hlýnandi veðurfari hafa stofnar sjógenginna silunga almennt verið í góðu ásigkomulagi. Einkum hefur víða orðið aukning í sjóbirtingsveiði en bleikjustofnar t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu hafa verið í nokkurri lægð. Ef um áframhaldandi hlýnun verður að ræða er hugsanlegt að sjóbirtingur geti aukist víða um land á kostnað sjóbleikjunnar, sem þrífst betur við lægra hitastig.

### **Veiðieftirlit**

Sem kunnugt er hafa laxveiðar í sjó verið bannaðar hér á landi allt frá 1932 en heimilt hefur verið að veiða göngusilung í net með ströndinni. Nokkuð hefur borið á meðaflla af laxi í silunganet og jafnvel í ýsunet og önnur veiðarfæri sem ætluð eru til veiða á sjávarfiskum. Með lagabreytingu árið 1994 var embætti veiðimálastjóra falið að fylgjast með því að bann við laxveiðum í sjó væri haldið en ábyrgð á veiðieftirlit í fersku vatni, einkum þar sem stangaveiði er stunduð, yrði á ábyrgð einstakra veiðifélaga. Til að sinna þessum verkefnum hefur embættið haft á sínum vegum 2 veiðieftirlitsmenn á landsvísu, sem fylgjast með því að löglega sé staðið að þeim silungsveiðum, sem heimilar eru. Helstu starfssvæði þessara aðila hafa verið silungsveiðisvæði við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og Ströndum. Einnig hefur farið fram eftirlit með silunganetum á ýmsum stöðum á svæðinu frá Húnaflóa austur á Langanes auk suðurstrandarinnar allt austur í Hornafjörð. Þetta verkefni, sem eingöngu er unnið að sumarlagi, er unnið í verktöku. Auk fyrrgreindra eftirlitsmanna hafa veiðifélög á Suðurlandi, í Borgarfirði og við Húnaflóa ráðið eftirlitsmenn að sumarlagi, sem að hluta fylgjast með strandveiðum á umræddu svæði.

Auk eftirlitsstarfa hafa eftirlitsmenn embættisins allt frá árinu 1998 skrásett með GPS tækni silungslagnir með strönd landsins. Skrásettar hafa verið nálega 240 lagnir á svæðinu frá Reykjavík austur um Norðurland allt að Langanesi. Skráðar hafa verið allar lagnir án tillits til þess, hvort viðkomandi aðilar hefðu löglegan netaveiðirétt. Hér er því um hámarksfjölda að ræða (mynd 3).



Mynd 3. Skrásettar netalagnir í sjó í lok ársins 2003.

Þótt ljóst sé að sjávarjarðir hafi umráðarétt yfir sínum netlögum, sem ná 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði, hefur verið umdeilt hversu víðtækur réttur þeirra væri til netaveiða á silungi í sjó. Að öllu jöfnu hefur verið miðað við það ákvæði 5. mgr. 27. greinar laga um lax- og silungsveiði, að eigi hafi mátt fjölga lögnum frá því, sem var síðustu 5 ár fyrir gildistöku laxveiðilaganna frá 1957. Með lagabreytingum árið 1994 (nr. 63/1994) var tekin af allur vafi varðandi þetta mál með því að setja samhljóða texta í 6. tölulið 14. greinar laganna, sem fjallar um rétt sjávarjarða til netaveiða á silungi í sjó. Jafnframt var ráðherra heimilað að setja reglur um búnað og framkvæmd slíkra netaveiða.

Þegar litið er til réttinda sjávarjarða til netaveiða á silungi í sjó, þarf að taka mið af því, að réttur slíkra jarða til laxveiða í sjó var afnuminn bótalaust með lagasetningu árið 1932, ef umræddar jarðir höfðu ekki haft laxveiði skráða sem hlunnindi í fasteignamati. Ef slík hlunnindi voru ekki skráð, þótti ekkert athugavert við að afnema þennan rétt. Sama ætti að gilda, þegar litið er til þess að takmarka eða banna netaveiðar á silungi í sjó, enda er þar yfirleitt um að ræða veiðar á blönduðum misstórum fiskstofnum úr mörgum ám, sem eru í ætisleit við strendur landsins yfir sumarið.

Í sumarbyrjun 1996 voru settar reglur um netaveiði göngusilungs í sjó (nr. 261/1996). Með þeim voru tekin af öll tvímæli um lengd og staðsetningu silunganeta ásamt möskvastærð og þykkt girniss. Hafa þessar reglur mjög auðveldað störf eftirlitsmanna, þótt enn séu brögð að því að slík net veiði lax.

Frá árinu 1998 hefur veiðimálastjóra verið heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma enda komi ósk um slíka friðun frá einstökum veiðifélögum, sem jafnframt geta orðið bótaskyld ef til slíks kemur. Landbúnaðarráðherra hafði áður heimildir til slíkrar takmörkunar og þannig hefur bann verið í gildi við Fnjóskárósa allt frá 1943, í vestanverðum Eyjafirði og við Ólafsfjörð og Steingrímsfjörð frá 1980 og við Hvalfjörð frá 1998. Vorið 2003 var sett árlegt bann við netaveiðum í sjó frá 10. júní til 10. ágúst á Vesturlandi allt frá Akranesi að Hítará og við innanverðan Skjálfanda næst ósum Laxár í Þingeyjarsýslu. Líklegt þykir að haldið verði áfram á þessari braut á fleiri landssvæðum, þar sem um veiði úr blönduðum stofnum er að ræða og þar sem lax slysast í silunganet.

Árlega leggja eftirlitsmenn fram nokkurn fjölda af kærnum auk þess að veita aðilum áminningu vegna brota á laxveiðilöggjöfni. Refsingar vegna slíkra brota hafa haft tilhneigingu til að vera nokkuð vægar og má e.t.v. rekja það til fámennis og mikils návígis í dreifbýlinu þar sem brotin eru framin. Eftirlitsmenn embættisins eru hins vegar þeirrar skoðunar að mikið hafi áunnist á þeim 10 árum, sem liðin eru frá því veiðieftirlit var eftt verulega.

Auk veiðieftirlitsmanna embættis veiðimálastjóra eru starfandi eftirlitsmenn á vegum veiðifélaga við fjölmargar ár á landinu. Þótt þeir séu skipaðir og fái erindisbréf frá veiðimálastjóra eru þeir alfarið starfsmenn veiðifélaga og hafa eftirlit með umráðasvæðum þeirra. Í nokkrum tilfellum hafa samt slíkir eftirlitsmenn tekið að sér eftirlit með netaveiðum með nærliggjandi strandsvæðum í umboði embættis veiðimálastjóra. Löng hefð er fyrir slíku á vatnasvæði Hvítár/Ölfusár og við Hvítá í Borgarfirði.

### **Þróun í fiskeldismálum**

Á árinu 2000 jókst mikið áhugi á því að hefja sjókvíaeldi á laxi hér við land. Kom þar til bæði tímabundin hækkun á laxaverði á alþjóðamörkuðum og veruleg tækni- og kynbótaþróun og framfarir, einkum varðandi eldi á laxi á norðlægum slóðum.

Áhugi eldisaðila beindist fyrst og fremst að djúpum og lygnum fjörðum á Austfjörðum og var fyrst sótt um heimildir til sjókvíaeldis í Berufirði og Mjóafirði en í kjölfarið í Reyðarfirði og Seyðisfirði. Einnig var mikill áhugi tengdur kvíaeldi við Eyjafjörð og nokkrir aðilar sóttu um heimildir á Vestfjörðum.


Þegar á árinu 2001 varð veruleg verðlækkun á eldislaxi á mörkuðum og virtist þá áhugi manna á frekari uppbyggingu í laxeldi dala nokkuð. Þannig hefur laxeldi í sjó eingöngu verið hafið á fjórum stöðum, þ.e. í Berufirði, Mjóafirði, Seyðisfirði og Eyjafirði. Hinsvegar var meginhluti framleiðslunnar á árinu 2003 í eldisstöð Sæsilsfurs í Mjóafirði.

Þegar í byrjun lýstu samtök veiðiréttareigenda og stangaveiðimanna yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í laxeldi vegna hættu á erfðablöndun og hugsanlegu sjúkdómasmiti frá strokulaxi úr eldiskvíum. Við þessu hefur verið brugðist með ýmsum ráðstöfunum og eru þessar helstar:

1. Í ársbyrjun 2000 var gefin út reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, sem tryggði enn frekar öryggi villtra laxastofna gagnvart fiskeldi. Um var að ræða endurskoðun á reglugerð nr. 401/1988 með sama nafni.

2. Í mars 2001 veitti embætti veiðimálastjóra sjókvíastöðvum í Mjóafirði og Berufirði 4000 lesta bráðabirgðarekstrarleyfi til 3ja ára, sem skyldu endurnýjuð í kjölfar fyrirhugaðra lagabreytinga. Í leyfin voru meðal annars sett skilyrði um örmerkingar á 10 % þeirra seiða, sem sett yrðu í kvíar og að gerðar yrðu ýmsar rannsóknir á nærliggjandi svæðum, m.a. með tilliti til strokulaxa. Mun slík krafa um örmerkingar á hluta af eldislaxi í kvíum vera sú eina meðal þjóða innan vébanda Laxaverndarstofnunarinnar (NASCO). Veitt voru sambærileg leyfi samkvæmt nýjum lögum í þremur 200 lesta kvíastöðvum í Eyjafirði, Seyðisfirði og Tálknafirði. Sjókvíastöð í Tálknafirði hefur hins vegar ekki hafið starfsemi og laxeldisstöð í Eyjafirði er ekki lengur starfandi. Þannig eru eingöngu sjókvíar með laxfiska á Austfjörðum en verulegur fjöldi kvía með þorsk eða aðra sjávarfiska í öðrum fjörðum umhverfis landið.

3. Um mitt ár 2001 gekk í gildi endurskoðun á laxeldiskafli laxveiðilaganna (lög nr. 83/2001), sem styrkti mjög alla stjórnsýslu og eftirlit varðandi lax- og silungselði og bætti við fjölmörgum reglugerðarheimildum tengdum slíku eldi.



Mynd 4. Friðunarsvæði í sjó þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í kvíum er óheimilt.

4. Skömmu eftir staðfestingu ofangreindra laga mælti embættið með því við landbúnaðarráðherra að settar yrðu reglur, sem einskorðuðu eldi frjórna laxa við

afmörkuð svæði við Vestfirði, Eyjafjörð, Öxarfjörð og Austfirði (auglýsing nr. 226/2001 um friðunarsvæði, þar sem eldi frjorra laxa í sjókvíum er óheimilt). Sjókvíaeldi á laxi var því ekki heimilað í nágrenni helstu laxveiðisvæða landsins eins og fram kemur á mynd 4. Í júní 2004 var reglugerðinni breytt í þá veru að eldi allra laxfiska yrði bannað í nágrenni laxveiðiáanna (mynd 4).

5. Í febrúar 2002 lét embætti veiðimálastjóra vinna skýrslu um áhrif laxeldis á villta stofna laxfiska, sem m.a. hefur verið nýtt við mat á umhverfisáhrifum, t.d. vegna sjókvíaeldis í Reyðarfirði (Valdimar I. Gunnarsson 2002).

6. Á fjárlögum 2003 voru embætti veiðimálastjóra veittir fjármunir til að stórefla eftirlit með eldisstöðvum, sem unnið er í samræmi við 97. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum. Einnig er til staðar sjúkdómaeftirlit í eldisstöðvum, sem er á vegum dýralæknis fisksjúkdóma.

7. Í árslok 2003 gekk í gildi reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum, sem gerir stífar kröfur til fiskeldisaðila varðandi eldiskvíar og þann búnað, sem notaður er, og krefst auk þess innra eftirlits í eldisstöðinni, sem tekið er út reglulega af opinberum aðilum. Hægt er að nálgast þessa reglugerð og aðrar, sem hér hefur verið minnst á, á vefsíðu embættis veiðimálastjóra [www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is). Er þetta fyrsta reglugerðin meðal aðildarlanda Laxaverndarstofnunarinnar (NASCO).

8. Á alþjóðavettvangi hefur innan vébanda NASCO verið unnið að því að ná fram ýmsum ályktunum og samþykktum, sem miða að því að draga úr óæskilegum áhrifum fiskeldis á villta laxastofna. Ber þar hæst svokallaða Williamsburg-ályktun, sem samþykkt var á ársfundi samtakanna í júní 2003. Í ályktuninni eru ýmsar leiðbeinandi reglur varðandi flutning á eldisfiski og um búnað eldisstöðva til að minnka hættu á neikvæðum áhrifum eldisins á villta laxastofna. Einnig leiðbeinandi reglur um aðferðir við laxarækt. Hægt er að nálgast Williamsburgályktunina og aðrar ályktanir Laxaverndarstofnunarinnar á heimasíðunni [www.NASCO.int](http://www.NASCO.int).

Eldi á laxi í sjókvíum, sem hefur verið einskorðað við Eyjafjörð og Austfirði, hefur í stórum dráttum verið án stórafalla ef frá eru talin afföll í Mjóafirði haustið 2002 vegna marglyttu og slysaslepping 3000 eldislaxa úr geymslukví við sláturhús í Norðfirði sumarið 2003. Um 9 kynþroska eldislaxar komu fram í veiðiám á Austurlandi þá um haustið en ekki hefur orðið vart við neina slíka laxa í stangaveiði sumarið 2004.


Auk þeirrar þróunar, sem orðið hefur í sjókvíaeldi á laxi undanfarin 3 ár, hefur orðið veruleg aukning í sjókvíaeldi á sjávarfiskum, einkum þorski. Stjórnsýsla og eftirlit fyrir slíkt eldi er nú í höndum Fiskistofu í samræmi við lög nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar. Það er nokkurt áhyggjuefni að staðsetning kvía fyrir þorskeldi er óháð þeim reglugerðum, sem settar hafa verið fyrir eldi á laxfiskum.



Slíkar kvíar geta því verið staðsettar mjög nærri veiðiám og hugsanlega haft einhver áhrif á lífríki þeirra.

### Leyfisveitingar í fiskeldi

Með lögum nr. 83/2001 var hlutverk embættis veiðimálastjóra varðandi fiskeldismál styrkt verulega. Þar er kveðið á um útgáfu rekstrarleyfa vegna eldis á laxfiskum og öðrum vatnafiskum, sem taki til fiskeldisfræðilegra, sjúkdómstengdra og vistfræðilegra þátta í starfsemi stöðvanna. Slíkt leyfi kemur í kjölfar starfsleyfis Umhverfisstofnunar, sem að mestu tekur til mengandi þátta í starfseminni. Þegar um minni stöðvar er að ræða eru starfsleyfi hinsvegar gefin út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.



Mynd 5. Leyfisveitinga- og eftirlitsferli varðandi eldi laxfiska.

Mynd 5. sýnir viðkomandi stjórnarsýsluáðila og það umsóknarferli, sem fylgja þarf, þegar um er að ræða eldi á laxfiskum. Sama mynd gildir fyrir eldi á sjávarfiskum nema að þar gefur Fiskistofa út rekstrarleyfi í stað embættis Veiðimálastjóra.



## Fiskeldisframleiðsla

Eldisaðilum, sem ala lax eða silung, ber lögum samkvæmt að veita embætti veiðimálastjóra árlegar upplýsingar um framleiðslu á eldisfiski, svo sem framleiðslumagn, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans og önnur atriði, sem nauðsynleg þykja. Þeir sem framleiða sjávarfiska senda hinsvegar sambærilegar upplýsingar til Fiskistofu.

Eldisframleiðsla á laxi og silungi undanfarin þrjú ár ásamt útflutningverðmætum samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er sýnd í töflu 3. Eins og þar kemur fram er framleiðsla á eldislaxi árið 2003 um 3700 lestir og hafði aukist um 40 % frá árinu 2001. Tímabundin minnkun varð á árinu 2002 þar sem eldisaðilar hættu að mestu framleiðslu í strandstöðvum og beindu mestallri framleiðslunni í sjókvíar.

Framleiðsla á eldisbleikju var tæplega 1700 lestir á síðasta ári og hefur sú framleiðsla verið að aukast jafnt og þétt milli ára. Ísland mun nú vera einn stærsti framleiðandi á bleikju í heiminum og má vafalaust þakka það góðu eldisvatni með hagstæðu hitastigi fyrir bleikju.

**Tafla 3. Framleiðsla í fiskeldi á Íslandi árin 2001 til 2003 (tonn)**

	2001	2002	2003
Eldislax	2645	1471	3710
Eldisbleikja	1320	1540	1670
Regnbogi	105	248	180
Urriði	Mjög lítið	Mjög lítið	Mjög lítið
Lúða	93	*	*
Barri	20	*	*
Þorskur	70	*	*
Sandhverfa	2,7	*	*
Sæeyra	23	*	*
<i>Samtals:</i>	4279	3259	5560
Fjöldi skráðra fiskeldisstöðva	60***	46	46
Útflutningsverðmæti í ísl. kr. (Fob)**	1021 millj.	986 millj.	1177 millj

\* Fiskistofa safnar upplýsingum um eldi sjávarfiska eftir 2001.

\*\* Upplýsingar frá Hagstofu Íslands (Lax og silungur).

\*\*\* Inniheldur eldisstöðvar vegna eldi sjávarfiska.

Regnbogasilungselði er tiltölulega smátt í sniðum, enda þarf nokkuð háan vatnshita til framleiðslunnar og verð fyrir fiskinn er fremur lágt. Hinsvegar er regnbogasilungur vinsæll til útsetningar í tjarnir til veiði.

Í töflunni kemur einnig fram heildarfjöldi eldistöðva og eldisframleiðsla á sjávarfiskum fyrir árið 2001 en eftir það tók Fiskistofa við söfnun slíkra upplýsinga í samræmi við lög. Eins og fram kemur í töflunni er fjöldi eldisstöðva, sem framleiða laxfiska, um 46 á árinu 2003. Fækkun stöðvanna frá árinu 2001 stafar af því að stöðvar með lúðueldi og eldi annarra sjávarfiska voru innifaldar í tölum embættisins það ár.

## Aðlögun að tilskipunum EB

Um mitt ár 2003 gekk í gildi bann við útflutningi á lifandi eldisdýrum og erfðæfni þeirra frá Íslandi til landa innan Evrópubandalagsins, sem tengdist því að innflutningsmál slíkra lífvera á Íslandi höfðu ekki verið aðlöguð að tilskipunum bandalagsins (91/67 EBE). Lengi hafði verið í gildi undanþága vegna gildandi banns við innflutningi á lifandi laxfiskum til Íslands en hún hafði í raun runnið út árið 1994. Þar sem tilskipunin hafði ekki verið lögleidd vofði yfir málsókn eftirlitsstofnunar EFTA vegna brots á EES samningnum auk ofangreinds banns við útflutningi lifandi eldisdýra frá Íslandi til Evrópuríkja.

Til að mæta þessu ástandi voru sett bráðabirgðalög, sem síðar voru staðfest af Alþingi með nokkrum breytingum, sem breyttu verulega þeim ákvæðum laga um innflutning dýra og laga um lax- og silungsveiði, sem talið var að stönguðust á við Evrópurétt. Jafnframt voru settar nýjar reglugerðir (nr. 525-528/2003), sem fullnægðu kröfum um innleiðingu ofangreindrar tilskipunar í íslenskan rétt.


Embætti veiðimálastjóra kom fyrst og fremst að þessu máli með þáttöku í starfi fisksjúkdómanefndar, sem fjallaði ítarlega um málið, og þar kom fram að hvergi skyldi slakað á öryggiskröfum til að verja gott heilbrigðisástand fiskstofna hér á landi.

## Eftirlit með eldisstöðvum

Með lögum nr. 83/2001 var embætti veiðimálastjóra falið að hafa eftirlit með rekstrarlegum og fiskeldisfræðilegum þáttum í starfsemi eldisstöðva. Embættinu var jafnframt heimilað að fela einkaaðilum að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi.


Um mitt ár 2001 hóf Meton ehf. störf hjá embættinu við eftirlit með eldisstöðvum en framkvæmdastjóri fyrirtækisins Eiríkur Beck hafði þá um árabíl unnið að veiðieftirliti á vegum embættisins. Í byrjun var lögð megináhersla á starfsemi fyrirtækja með eldiskvíar í sjó og hafa slíkar stöðvar verið skoðaðar að meðaltali tvisvar á ári. Lögð hefur verið áhersla á eftirlit með búnaði og frágangi festinga til að minnka líkur á slysasleppingum. Hefur samstarf við fiskeldisaðila verið gott og ekki er vitað til að um meiri háttar slysasleppingar hafi verið að ræða. Eldisaðilum er skylt að tilkynna um slíkar sleppingar á sérstöku eyðublaði ( mynd 6), sem hægt er að nálgast á heimasíðu embættisins [www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is) .

Við eftirlit skráir eftirlitsmaður ýmis lykilatriði í tengslum við búnað og starfsemi eldisstöðvarinnar á þar til gert eyðublað (mynd 7). Eyðublaðið er síðan undirritað af eftirlitsmanni og forsvarsmanni eldisstöðvar, sem þar með viðurkennir að hafa séð athugasemdir eftirlitsmanns. Sé um stórvægilegar athugasemdir að ræða, þarf eftirlitsmaður að skoða stöðina aftur innan eðlegra tímamarka til að kanna endurbætur á því sem aðfinnsluvert var. Einnig hefur verið unnið nokkuð að vöktunarrannsóknnum varðandi kynþroska eldislaxa við slátrun og hefur eftirlitsmaður embættisins framkvæmt nokkrar slíkar úttektir í tengslum við slátrun eldislaxa úr kvíaeldinu í Mjóafirði. Komið hefur í ljós að kynþroski eldislaxa, jafnvel eftir 2 ár í sjóeldi, er mjög lítill, sem bendir til mikilla framfara í kynbótum við að



Mynd 6. Eyðublað varðandi tilkynningu um slysasleppingu.

seinka kynþroska og árangurs í ljósastrýringu meðan á eldinu stendur. Niðurstöður er að finna í greininni “Slysasleppingar á eldislaxi á árinu 2003; kynþorskahlutfall og endurheimtur” eftir Valdimar I. Gunnarsson og Eirík Beck, sem er að finna á vefsíðu embættisins.



Mynd 7. Eyðublað varðandi efirlit með fiskeldisstöðvum.

Auk eftirlits með stöðvum, sem ala laxfiska í sjókvíum, hefur eftirlitsaðili á vegum embættisins skoðað nær allar eldisstöðvar, sem ala laxfiska á landi. Þar hefur ástand almennt verið ásættanlegt, þótt nokkur brögð séu að því að starfsleyfi og rekstrarleyfi eldri stöðva séu orðin úrelt, oft vegna eigendaskipta. Lögð hefur verið áhersla á það að stöðvarnar komi sínum málum í lag.

### **Fiskræktarsjóður**

Allt frá stofnun Fiskræktarsjóðs með lögum árið 1970 hefur veiðimálanefnd farið með stjórn sjóðsins. Fram til ársins 1998 var stjórn sjóðsins samvinnuverkefni veiðimálanefndar og embættis veiðimálastjóra, sem einnig unnu sameiginlega að ýmsum öðrum stjórnsýsluverkefnum. Eftir breytingu á stjórnsýsluhlutverki Veiðimálastjóra með lagabreytingu árið 1998 (lög nr. 50/1998) og auknum afskiptum embættisins af fiskeldi (lög nr. 83/2001) varð veiðimálanefnd, sem að mestu starfar í umboði hagsmunaaðila, í meira mæli umsagnaraðili til embættisins. Þetta gerði mjög nána samvinnu þessara stjórnsýsluaðila óæskilega með tilliti til stjórnsýslulaga. Frá því í ársbyrjun 2000 hafa því embætti veiðimálastjóra og veiðimálanefnd unnið að afgreiðslu stjórnsýsluverkefna sitt í hvoru lagi en upplýsingar um veiðimálanefnd og Fiskræktarsjóð má þó finna á vefsíðu embættisins [www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is).

### **Alþjóðasamstarf**

Allt frá stofnun laxaverndarstofnunarinnar (NASCO) árið 1984 hefur embætti veiðimálastjóra verið stjórnsýslulegur tengiliður við stofnunina, þótt forræði verkefnisins hafi lengst af verið hjá utanríkisráðuneyti. Árið 2003 var forræði málaflokksins flutt frá utanríkisráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis og núverandi formaður sendinefndar NASCO er Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneyti. Laxaverndarstofnunin var stofnsett til að takmarka og stjórna laxveiðum við Vestur Grænland og Færeyjar í samræmi við vísindalega ráðgjöf en hefur hin síðari ár snúið sér að öðrum þáttum sem ógna tilvist Atlantshafslaxins í Norður Ameríku og Evrópu svo sem minnkandi búsvæðum laxfiska vegna mengunar og hugsanlegri hættu af fiskeldisstarfsemi í sjókvíum. Hún hefur einnig beitt sér fyrir átaki til að samræma og auka rannsóknir á vistfræði Atlantshafslaxins í sjó með stofnun sérstakrar samræmingarnefndar um laxarannsóknir (International Atlantic Salmon Research Board). Laxaverndarstofnunin hélt upp á 20 ára afmæli samtakanna á ársfundi sínum í Reykjavík í júní 2004. Við það tækifæri var Ken Whelan frá Írlandi kosinn forseti samtakanna en Árni Ísaksson veiðimálastjóri varaforseti.

Laxaverndarstofnunin hefur beitt sér fyrir ýmsum ályktunum bæði varðandi framkvæmd laxveiðistjórnunar, meðferð fiskeldismála og verndun búsvæða í laxveiðiám. Stofnunin krefst árlegra greinargerða frá aðildarlöndunum um framvindu þessara mála, sem kostar verulega vinnu og fjármuni. Nauðsynlegt er að styrkja þetta starf fjárhagslega svo Ísland haldi góðri stöðu meðal aðildarlanda NASCO.

Embætti veiðimálastjóra hefur tekið þátt í starfi Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) í áratugi enda voru laxarannsóknir lengst af einnig á forræði embættisins. Embættið gegndi ásamt Jóhanni Sigurjónssyni formanni sendinefndar Íslands hjá samtökunum lykilhutverki í því að endurvekja sérstaka laxfiskanefnd, sem færi með málefni lax og silungs árið 2002, en starf slíkrar nefndar innan ICES hafði þá legið niðri frá 1996.

Veiðimálastjóri hefur sótt ársfundi vatnafiskanefndar FAO (EIFAC), sem haldnir eru annað hvert ár. Nefndin fjallar aðallega um ástand stöðuvatna í Evrópu með tilliti til fiskveiða og mengunar.

## Vefsíða

Embætti veiðimálastjóra heldur úti vefsíðu [www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is), sem inniheldur margvíslegar upplýsingar um veiði- og fiskeldismál tengd laxfiskum.

(mynd 8). Helstu atriði sem þar koma fram eru sem hér segir:

- Öll lög og reglugerðir tengdar veiði- og fiskeldismálum
- Ýmsar almennar upplýsingar um túlkun laganna
- Upplýsingar um starfandi veiðifélög
- Tillögur að samþykktum veiðifélaga
- Listi yfir samþykktir og arðskrár veiðifélaga
- Umsóknareyðublöð vegna 5 ára fiskræktaráætlunar
- Umsóknareyðublöð vegna malartekju og mannvirkjagerðar við ár og vötn
- Umsóknareyðublöð vegna rekstrarleyfa í fiskeldi
- Eyðublöð vegna skýrslna um veiði og fiskeldisframleiðslu
- Eyðublað vegna slysasleppinga
- Útskýringar á umsóknarferli vegna fiskeldisstarfsemi
- Upplýsingar um veiðimálanefnd og Fiskræktarsjóð

The screenshot shows the homepage of the Directorate of Freshwater Fisheries. At the top, there is a logo and the text 'VEIÐIMÁLASTJÓRI Directorate of Freshwater Fisheries'. Below this is a blue banner with the text 'Velkomin á heimasíðu Veiðimálastjóra'. The main content area is divided into two columns. The left column contains links to various sections: 'Eróttabréf Laxveiðilögin', 'Reglugerðir í veiðimálum', 'Veiðifélag', 'Einkeldi og hafheit', 'Hagsmunaaðilar', 'Fiskræktar- og umhverfismál', 'Gagnagættur', 'Veislufréttir', 'Skýfing vefsíðar', 'Ónaða', 'Veiðiskýslur', 'English version', 'News letters English summary', 'The Salmonid Fisheries Act', 'User groups', 'Fish farming and ranching', 'Freshwater fisheries data bank', 'Freshwater fisheries enforcement', and 'Publications Related Web pages'. The right column contains information about the 'Embætti veiðimálastjóra' (Directorate of Freshwater Fisheries), the 'Veimálanefnd' (Freshwater Fisheries Committee), and the 'Fiskræktarsjóður' (Salmonid Enhancement Fund). At the bottom, there is contact information: 'Embætti veiðimálastjóra, Vagnhóla 7, 110 Reykjavík, Ísland. Tel: 354+5676400, Fax: 354+5678850, E-mail: veidimalastjorn@veidimalastjori.is'.

Mynd 8. Heimasíða veiðimálastjóra ([www.veidimalastjori.is](http://www.veidimalastjori.is)).

## Útgáfustarfsemi

Eftirfarandi rit embættis veiðimálastjóra er að finna á vefsíðu embættisins í pdf formi (Adobe Acrobat):

Ár	Höfundar	Heiti greinar
2001	Árni Ísaksson	Major Provisions in Icelandic Laws and Regulations
2002	Árni Ísaksson	Freshwater Habitat in Iceland Status, Protection and Restoration
	Árni Ísaksson, Sumarliði Óskarsson og Þór Guðjónsson	Occurrence of tagged Icelandic salmon in the salmon fisheries at West Greenland and within the Faroese fishing zone 1967 through 1995 and its inference regarding the oceanic migration of salmon from different areas of Iceland.
	Valdimar Ingi Gunnarsson	Hugsanleg áhrif eldislaxa á náttúrulega laxastofna
	Árni Ísaksson	Freshwater Fisheries in Iceland
	Árni Ísaksson og Sumarliði Óskarsson	Icelandic salmon ranching; problems and policy issues -A historical perspective-
2003	Árni Ísaksson og Sumarliði Óskarsson	Economic value of Icelandic salmon ( <i>Salmo salar</i> L.) in angling and net fisheries
	Árni Ísaksson	By-catches of salmon in herring fisheries
	Árni Ísaksson	How does Icelandic legislation conform to NASCO Resolutions
	Valdimar Ingi Gunnarsson	Slysasleppingar: Áhættuþættir og verklagsreglur fyrir sjókvíaeldisstöðvars
2004	Valdimar Ingi Gunnarsson og Eiríkur Beck	Slysasleppingar á eldislaxi á árinu 2003- Kynþroskahlutfall og endurheimtur